

Flokkun og frágangur á ull

Undirbúningur og vinnulag

- Mjög mikilvægt er að féð sé hreint og þurrð þegar rúið er til þess að tryggja að ullin haldist óskemmd. Hýsing í nokkra daga áður en rúið er getur spillt ullinni verulega og veldur því jafnan að hvít ull fellur um flokk úr H-1 í H-2.
- Best er að flokka féð áður en rúið er, þannig að lömb séu sér og mislitt og hvítt fé aðskilið. Auk þess getur verið hentugt að flokka hvíta féð í tvennt, þ.e. vel hvítt fé með gallalitla ull sem ætti að flokkast í H-1 annars vegar og hvítt fé með lakari ull hins vegar þ.e. fé með gula ull, gróft tog eða aðra minni háttar galla en sú ull ætti að flokkast H-2.
- **Hvíta féð á alltaf að rýja fyrst!** Þannig er komið í veg fyrir að hvít ull mengist af dökkum hárum. Réttast er að byrja á hvítum lömbum og taka síðan hvítar ær en allt mislitt fé á eftir.
- Við rúninginn á að taka kviðull og hnakkull frá strax og láta aldrei blandast við ullarreyfið sjálft. Þessari ull er réttast að fleygja.
- Sá sem flokkar ullina þarf að geta tekið hvert reyfi upp á rimlaborð (eða grind sem lögð er ofan á garðabönd eða milligerðir) til þess að flokka í sundur betri og lakari ull og taka frá gallaða ull þegar þess gerist þörf. **Nauðsynlegt er að hafa gott ljós!**

Hvít haustull

- **Almennt er reglan sú að hvert reyfi fer að mestu í sama flokkinn eftir að gölluð ull hefur verið tekin frá.** Ef vel er að verki staðið á ekki að þurfa að eyða löngum tíma í hvert reyfi.
- **Í lambaullarflokk fer hvít óskemmd lambaull.** – Lambaull sem ekki er tæk í þennan flokk t.d. vegna gulku eða grófleika, flokkast í **H-2 lamb** en ákveðið hefur verið að halda þeirri ull sér í stað þess að setja hana saman við H-2 af fullorðnu.
- **Í H-1 fer hvít gallalaus og óskemmd ull af fullorðnum kindum.** Ull af kindum sem eru gular á haus og fótum getur flokkast í fyrsta flokk ef ekki ber á gulri ull í reyfinu en þá þarf að taka jaðrana af reyfinu og setja í H-2.
- **Gul ull og toggróf ull fer alltaf í H-2 og sömuleiðis mjög þellítill ull.** Læraull er oft toggróf og þarf því að fara í H-2 þó reyfið sé að öðru leyti hæft í H-1. Ull af fullorðnum hrútum fer í H-2.
- **Hvít ull sem hefur tekið í sig óhreinindi (húsagulku) vegna innistöðu fyrir rúning fer í H-2.**
- **Ull með þófasneplum utan á reyfinu fer í H-2.** Ull af kindum sem ekki hafa verið snoðrúnar þarf að flokka sér og merkja sérstaklega H-2-V. Harðir flókar fara í úrkast.
- Ef litamerkingar hafa verið notaðar, á undantekningalaust að taka litaða lagða frá og fleygja þeim strax.
- **Taka þarf frá gallaða og skemmda ull og setja í úrkast eða M-2.**

Í úrkast fer:

- Heymor og rusl
- Harðir þófasneplar og kleprar
- Mýrarrauði eða önnur mengun
- Þófin ull
- Ull með hvítum illhærum

Í M-2 fer:

- Hvít ull með svörtum hárum
- Dökkir blettir í hvítri ull
- Mjög gul ull (meira gult en hvítt!)

Mislit haustull

- Mislit ull er flokkuð á hliðstæðan hátt og hvít ull. Hreinir sauðalitir eru flokkaðir hver fyrir sig í M-1, svart, grátt eða móraultt en öll önnur óskemmd mislit ull flokkast í M-2. Mislit lambsull flokkast með annarri mislitri ull.

Vetrarull - Snoðull

- Hvít vetrarrúin ull flokkast að öllu jöfnu í H-2. Mjög óhrein vetrarull og ull með heymori eða mjög þófin ull fer í úrkast.
- Mislit vetrarull flokkast í sauðalitaflökka ef hún er lítið gölluð. Mjög óhrein, þófin eða menguð ull fer í úrkast.
- Snoðull sem er óskemmd flokkast í H-2 eða sauðaliti en mjög ullarstutt reyfi fara í úrkast.

Reglur um mat á ull, samkvæmt reglugerð nr. 856/2003 má m.a. finna á www.istex.is

Pökkun, frágangur og merking á ullarumbúðum.

Ullin er sett jafnóðum í poka eftir flokkum. Þrír pokar eiga að nægja hverju sinni þegar hvít ull er flokkuð, t.d. H-1, H-2 og M2 (fyrir bletttaull og þ.h.), auk úrkasts.

Ef ull er send óflokkuð til þvottastöðvar, er óskemmd hvít ull meðhöndluð sem H-2 og sauðalitir sem M-2. Kostnaður vegna auka meðhöndlunar er dreginn frá verðmæti óflokkaðrar ullar 10,- krónur á innlagt kg.

Flokkaðri ull má troða þétt í poka eða pakka í plast, lofttæma og binda utan um.

Mikilvægt er að merkja alla ullarpoka sem sendir eru með:

- Nafni og kennitölu innleggjanda.
- Ullarflokk og rúningstíma (t.d. H-1-H eða H-2-V).
- Þyngd.
- Poka nr. og heildarfjölda poka.

Uppgjör

Koma þarf upplýsingum um flokkun til Ístex svo hægt sé að undirbúa uppgjör fyrir ullina:

- Á heimasíðu Ístex: www.istex.is
- Með tölvupósti: istex@istex.is
- Með símbrefi: 566-7330.
- Í síma: 566-6300.

Samkvæmt samkomulagi milli Ístex, BÍ og LS haustið 2010 verður greiðslum háttað þannig að 70% af heildarverðmæti verður greitt í lok janúar ef ullin er skráð í nóvember og í lok febrúar ef ullin er skráð í desember. Eftir þann tíma verði greitt í lok næsta mánaðar eftir skráningarmánuð. Stefnt er að því að ull sem skráð er fyrir 1. júlí 2011 verði greidd að fullu fyrir 1. september 2011.